

Héraðssaksóknari
06 300

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---------------------------------------|-------------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Héraðssaksóknari

kt. 441115-1480

Skúlagötu 17, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Héraðssaksóknari er einn af handhöfum ákærvaldsins á Íslandi. Embættið fer með verkefni ákærvalds og saksókn í sakamálum fyrir dómstólum ásamt því að annast einnig rannsóknir sakamála samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Þá starfrækir embættið skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og annast meðferð mála er varða endurheimt og upptöku ólögðs ávinnings af refsiverðri háttsemi, ásamt því að fara með margvísleg önnur stjórnýsluverkefni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.264,5 milljónir og afkoma kr. -35,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -14,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 142,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Héraðssaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Héraðssaksóknara fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ólafur Þór Hauksson,
Héraðssaksóknari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 1.222.900.000 | 1.185.200.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 2.238.800 | 2.345.240 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 33.092.604 | 17.595.220 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 6.260.431 | 6.733.578 |
| Tekjur samtals | | 1.264.491.835 | 1.211.874.038 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 1.108.727.893 | 1.023.437.574 |
| Framlög og tilfærslur | | 14.613.239 | 13.686.402 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 170.130.868 | 149.559.182 |
| Afskriftir | 7 | 6.260.431 | 6.733.578 |
| Gjöld samtals | | 1.299.732.431 | 1.193.416.736 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (35.240.596) | 18.457.302 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (2.115) | (20.006) |
| | | (2.115) | (20.006) |
| Afkoma ársins | | (35.242.711) | 18.437.296 |
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum | | | |
| Rekstur | 2 | (20.629.472) | 32.123.698 |
| Rekstrartilfærslur | | (14.613.239) | (13.686.402) |
| | | (35.242.711) | 18.437.296 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|------|---------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 24.037.842 | 24.737.138 |
| Farartæki og vélar | | 65.832 | 75.831 |
| Aðrar eignir | | 0 | 35.526 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>24.103.674</u> | <u>24.848.495</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 0 | 238.420 |
| Tengdir aðilar | 9 | 117.816.994 | 150.777.129 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 47.923 | 0 |
| Handbært fé | 10 | 0 | 0 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>117.864.917</u> | <u>151.015.549</u> |
| Eignir samtals | | <u>141.968.591</u> | <u>175.864.044</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 11 | | |
| Hrein eign | | (13.975.680) | 21.267.031 |
| Eigið fé samtals | | <u>(13.975.680)</u> | <u>21.267.031</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 9 | 4.401.022 | 7.590.828 |
| Viðskiptaskuldir | | 8.983.844 | 6.127.363 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 12 | 118.488.650 | 116.947.636 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 13 | 24.070.755 | 23.931.186 |
| Skuldir samtals | | <u>155.944.271</u> | <u>154.597.013</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>141.968.591</u> | <u>175.864.044</u> |
| Aðrar upplýsingar | 14 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--|------|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (35.242.711) | 18.437.296 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 6.260.431 | 6.733.578 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (6.260.431) | (6.733.578) |
| | | <u>(35.242.711)</u> | <u>18.437.296</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 190.497 | (238.420) |
| Tengdir aðilar | | 30.654.719 | (26.369.708) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 4.397.495 | 8.170.832 |
| | | <u>35.242.711</u> | <u>(18.437.296)</u> |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (5.515.610) | (3.358.984) |
| | | <u>(5.515.610)</u> | <u>(3.358.984)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 5.515.610 | 3.358.984 |
| | | <u>5.515.610</u> | <u>3.358.984</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé í árslok | | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 8-15 ár |
| Aðrar eignir | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|-----------------------------------|----------------------|----------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | |
| Fjárveiting ársins | 1.222.900.000 | 1.185.200.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 6.260.431 | 6.733.578 |
| | 1.229.160.431 | 1.191.933.578 |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|---|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 1.216.200.000 | 0 | 0 | 1.216.200.000 |
| Fjárveiting til tekna | 1.222.900.000 | 0 | 0 | 1.222.900.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (1.243.529.472) | (14.613.239) | 0 | (1.258.142.711) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (20.629.472) | (14.613.239) | 0 | (35.242.711) |

| | 2022 | 2021 |
|------------------------|------------------|------------------|
| 3 Seld þjónusta | | |
| Mötuneyti | 2.238.800 | 2.345.240 |
| | 2.238.800 | 2.345.240 |

4 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Kostnaðarhlutdeild | 29.163.189 | 17.176.510 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 3.209.972 | 0 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 719.443 | 418.710 |
| | 33.092.604 | 17.595.220 |

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|----------------------------|----------------------|----------------------|
| Laun | 895.453.117 | 823.026.614 |
| Orlof, breyting | 1.573.149 | 8.862.694 |
| Launatengd gjöld | 203.960.876 | 184.942.249 |
| Starfsmannakostnaður | 7.740.751 | 6.606.017 |
| | 1.108.727.893 | 1.023.437.574 |

| | | |
|------------------------------|------|------|
| Meðalfjöldi stöðugilda | 64,2 | 62,4 |
|------------------------------|------|------|

| | 2022 | 2021 |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| 6 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 1.115.447 | 1.579.672 |
| Byggingarvörur, almennar | 39.457 | 98.006 |
| Byggingarvörur, aðrar | 0 | 145.536 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 0 | 77.080 |
| Ýmis tæki og áhöld | 3.068.840 | 1.600.618 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 615.558 | 247.460 |
| Orkugjafir | 2.294.940 | 1.653.764 |
| Matvæli | 10.462.036 | 9.694.719 |
| Almennar rekstrarvörur | 863.055 | 755.092 |
| Vörukaup, almenn | 18.459.333 | 15.851.947 |
| Kennslu- og föndurvörur | 10.679 | 11.982 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 52.721 | 87.942 |
| Vörukaup, sérgreind | 63.400 | 99.924 |

Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|--|-------------|-------------|
| 6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.) | | |
| Fundir, námskeið, risna | 1.882.914 | 113.368 |
| Ferðir, upphald | 11.146.104 | 2.598.749 |
| Akstur | 2.992.873 | 2.307.278 |
| Sérfræðipjónusta | 3.750.849 | 4.554.635 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 55.386 | 46.160 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 946.675 | 804.789 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 5.305.436 | 5.672.447 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta | 26.080.237 | 16.097.426 |
| Samningsbundin kaup og leiga | 306.379 | 1.389.420 |
| Afnotagjöld | 18.241.435 | 12.405.245 |
| Leigugjöld | 63.402.799 | 58.747.640 |
| Notkun véla og flutningatækja | 23.000 | 21.001 |
| Verkkaup | 10.844.343 | 6.649.624 |
| Kostnaðarhlutdeild | 32.496.046 | 38.039.891 |
| Áhættutap og bætur | 0 | 22.980 |
| Tryggingar, lögboðnar | 120.472 | 128.939 |
| Opinber gjöld | 43.424 | 57.932 |
| Tilfærslur | 50.000 | 47.213 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 125.527.898 | 117.509.885 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 170.130.868 | 149.559.182 |

7 Afskriftir

| | | |
|---------------------------------|-----------|-----------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 6.214.906 | 6.623.112 |
| Farartæki og vélar | 9.999 | 9.999 |
| Aðrar eignir | 35.526 | 71.060 |
| Sölutap og úreltar eignir | 0 | 29.407 |
| | 6.260.431 | 6.733.578 |

31.12.2022 **31.12.2021**

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|------------------------------|------------|------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 24.037.842 | 24.737.138 |
| Farartæki og vélar | 65.832 | 75.831 |
| Aðrar eignir | 0 | 35.526 |
| | 24.103.674 | 24.848.495 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|-----------------------------|---------------------------|-----------------------|--------------|-------------|
| Staða 01.01.2022 | 80.790.148 | 5.819.495 | 710.600 | 87.320.243 |
| Viðbætur á árinu | 5.515.610 | 0 | 0 | 5.515.610 |
| Selt/úrelt á árinu | (2.532.501) | (2.542.000) | 0 | (5.074.501) |
| | 83.773.257 | 3.277.495 | 710.600 | 87.761.352 |
| Afskriftir 01.01.2022 | 56.053.010 | 5.743.664 | 675.074 | 62.471.748 |
| Afskrift ársins | 6.214.906 | 9.999 | 35.526 | 6.260.431 |
| Selt/úrelt á árinu | (2.532.501) | (2.542.000) | 0 | (5.074.501) |
| | 59.735.415 | 3.211.663 | 710.600 | 63.657.678 |
| Staða 31.12.2022 | 24.037.842 | 65.832 | 0 | 24.103.674 |

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|---|--------------------|--------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 117.816.994 | 150.777.129 |
| | <u>117.816.994</u> | <u>150.777.129</u> |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 4.401.022 | 7.590.828 |
| | <u>4.401.022</u> | <u>7.590.828</u> |

10 Handbært fé

0 0

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 972,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

| | | |
|----------------------|---------------------|-------------------|
| Jöfnuður 1.1. | 21.267.031 | 2.829.735 |
| Afkoma ársins | (35.242.711) | 18.437.296 |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(13.975.680)</u> | <u>21.267.031</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

12 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---------------------------|--------------------|--------------------|
| Ógreitt orlof | 118.480.870 | 116.907.721 |
| Önnur ógreidd gjöld | 7.780 | 39.915 |
| | <u>118.488.650</u> | <u>116.947.636</u> |

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|--|-------------------|-------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 24.103.674 | 24.848.495 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) | (32.919) | (917.309) |
| | <u>24.070.755</u> | <u>23.931.186</u> |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2022 | 24.848.495 | (917.309) | 23.931.186 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 6.400.000 | 6.400.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 5.515.610 | (5.515.610) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | <u>(6.260.431)</u> | <u>0</u> | <u>(6.260.431)</u> |
| | <u>24.103.674</u> | <u>(32.919)</u> | <u>24.070.755</u> |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 5,5 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til júní 2031 og þjónustusamninga um rekstur til næstu 3 ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema 65,8 millj. kr. og vegna þjónustusamninga 23,9 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.